



LÁNAMÁL RÍKISINS

# ÚTBOÐSSKILMÁLAR RÍKISVÍXLA

Útboð 13. apríl 2011

1. Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisvíxla í samræmi við fjárlög fyrir árið 2011 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um lánaþýslu ríkisins með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 18. október 2010. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamynndun á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er miðvikudagur 13. apríl 2011. Greiðsludagur er föstudagur 15. apríl 2011.*

2. Í boði verða eftirfarandi flokkar ríkisvíxla:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi
RIKV 11 0715	IS0000020378	15.07.2011
RIKV 11 1017	IS0000020527	17.10.2011

Seðlabankinn áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykka öll tilboð sem berast, hluta eða hafna þeim öllum. Útboðið verður þannig hátt að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkta verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu.

3. Ríkisvíxlarnir verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er nafnverðseining ein króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama. Ríkisvíxlarnir eru án verðtryggingar.
4. Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna að nafnvirði. Boð skulu vera þannig að nafnverðið hlaupi á heilum milljónum króna.
5. Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10.00 og 11.00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
6. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástaðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Alþjóða- og markaðssvið

Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjáum í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11.00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.

7. Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
8. Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til NASDAQ OMX á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
9. Greiðsla fyrir ríkisvíxla skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14.00 á greiðsludegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dredgst.
10. Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisvíxlum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisvíxlum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna gilda ákvæði víxillaga nr. 93/1933.
11. Ríkisvíxlarnir eru stimpilfrjálsir skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisvíxlarnir eru framtalsskyldir.
12. Þessir ríkisvíxlarnir eru skráðir í NASDAQ OMX á Íslandi.